

Nd.

232. Frumvarp til laga

um viðauka við sveitarstjórnarlög, nr. 12 31. maí 1927.

Flm.: Ólafur Thors, Bjarni Ásgeirsson.

1. gr.

Þegar jafna skal niður sýslusjóðsgjaldi samkv. 41. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 12 31. maí 1927, skal áður draga frá skattmati fasteigna í hverjum hreppi fasteignamat þeirra sumarbústaða eða slíkra húsa, sem utanhreppsmenn eiga og nota, enda séu þeir ekki útsvarsskyldir vegna þeirra húseigna í hreppnum samkvæmt útsvarslögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð.

Það er kunnugt, að nokkuð tíðkast nú orðið, að kaupstaðabúar reisi sér sumarbústaði í nærsveitum, til þess að geta notið hollustu sveitaloftsins og sveitalífsins fyrir sig og sína, og er ekki nema gott eitt um það að segja. Yfirleitt hafa hlutaðeigandi byggðir einnig hag af þessu á ýmsa lund, en þó getur sá höggull fylgt skammrifi, að eignir þessar eru sem fasteignir samkv. núgildandi lögum taldar til undirstöðu þess mælikvarða, sem lagður er fyrir niðurfjöfnun sýslusjóðsgjalds í héruðunum, eða skiptingu þess milli hreppanna, að nokkrum hluta, en að öðru leyti ber eigandi af þeim alla skatta og skyldur. — Til þess að ráða bót á þessu er frv. þetta borið fram, sem viðauki við sveitarstjórnarlögin frá 1927, að því er snertir áðurnefndan mælikvarða, svo sem hann er ákvarðaður í 44. gr. téðra laga.

Nánar í framsögu.